

1863. yðar, að engin heimild sè fyrir því í lögum, að jafna greindum
28. febrúarm. aukaskatti á hús þau, er að ofan eru nefnd.

28. febrúarm. **15. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um að eyðijörðin Efriströnd eigi fáist til kaups.**

Með bréfi 29. októberm. f. á. hafð þèr, herra stiptamt-
maður, borð undir úrskurð dómsmálastjórnarinnar bænarskrá frá
Ásmundi prófasti Johnsen í Odda, um að eyðijörðin Efriströnd
í Rangárvalla sýslu verði seld Odda brauði til eignar, annað-
hvort fyrir hæsta boð það, er gjört var við uppboð, er haldið var
yfir jörðinni 24. maím. f. á., en það voru 81 rdl., eður fyrir
það kaupverð, sem óvilhallir menn ákveði, og hafð þèr meðal
annars getið þess, að þareð þèr hafð álitid, að ekki beri að leggja
samþykki á hæsta boð það, er gjört var við uppboð þetta, þá
hafð þèr þegar áður en þèr fenguð bænarskrá þá, sem áður er
getið, skrifað sýslumanni um að bjóða upp jörðina til afnota
fyrir árlegt afgjald um 5 ár, og að heimta sanngjarnt afgjald af
þeim manni, er hefir haft afnot jarðarinnar síðan uppboð það
fór fram, er haldið var 1856, og borga það fè í jarðabókar-
sjóðinn með öðrum sýslugjöldum.

Í þessu efni skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar, og
til þess þèr birtið það beiðandanum, að með því stjórnarráðið
sökum ásigkomulags jarðar þeirrar, sem hèr er um rætt, fellst á
ráðstöfun þá, er þèr hafð gjört, þá verður það, sem um er sótt,
eigi veitt.